

Fundur með stjórnendum skólans 16. nóvember 2011

Mættir: Erla Dögg, Sigrún Birna, Katrín, Erna, Friðrika, Jón Höskulds (deildarstjóri) og Þórgunnur (skólastjóri). Fundur hófst klukkan 17:00 í Borgarhólsskóla

Væntingar skólans til foreldrafélagsins bar fyrst á góma. Þórgunnur var nú ekki alveg viss um hvernig ætti að svara þeirri spurningu þannig að farið var út í að ræða um hlutverk foreldrafélaga yfirleitt og benti Friðrika á skýrslu sem hýst er inn á vef Heimili og skóla og voru allir hvattir til að kíkja á þann vef (www.heimiliogskoli.is).

Farið var yfir hverjir sætu í skólanefnd og hvernig valið væri í þá nefnd. Í ljós kom að sömu aðilar hafa setið á skólanefndarfundum í nokkur ár fyrir hönd foreldra og eru það Snæbjörn Ragnarsson og Bjarni Páll Vilhjálmsson. Allir voru sammála um að foreldrafélagið þyrfti að komast í samband við þá.

Mestur tíminn fór í að ræða um mötuneyti við skólann. Skólayfirvöld vilja fá mötuneyti inn í skólann, og þá helst með framreiðslueldhúsi. Helstu rökin fyrir því eru meðal annars þessi:

- Ófullnægjandi skömmtunaborð sem veldur ýmsum vandkvæðum á afgreiðslutíma
- Aðstöðuleysi, bæði fyrir starfsfólk sem kemur að mötuneytinu og fyrir nemendur
- Nemendur þurfa að fara yfir umferðargötu sem veldur því að vakta þarf götuna yfir matartímann.
- Skólinn hefur ekkert um mötuneytið að segja, þarf að skipuleggja skólastarfið í kringum matartímana ofl.
- Samningsaðstaðan er engin fyrir skólann
- Mötuneytið er dýrt, bærinn niðurgreiðir matinn um 5,6 milljónir á ári og skólinn þarf samt sem áður að leggja til starfsfólk í vinnu til að skammta og þrifa salinn eftir notkun

Rætt var um að mikið hafi þó breyst, eins og t.d. er búið að skipta hópnum í þrjú holl og hefur hvert stig fengið sinn matartíma sem létti helling á og nemendur fá aðeins rýmri tíma til að matast. Matseðillinn hefur farið batnandi og meira er um grænmeti með máltíðum. Annars er það planið að taka út matseðilinn og fá næringarráðgjafa til að skoða næringarinnihald í einn mánuð. Þetta er partur af áætlun skólans til að verða lýðheilsuskóli (heilsueflandiskóli).

Erna Björnsdóttir lýsti skoðun sinni á byggingu mötuneytis í skólanum. Hún greindi frá því að öllu jöfnu væri hún mótfallin því að mötuneyti yrði byggt inn í skólanum þar sem hinum megin við götuna væri mötuneyti og allt til alls þar, sem öllu jöfnu væri lokað yfir vetrartímann ef aðstaðan væri ekki nýtt. Að nýta þjónustuna sem væri fyrir hendi væri skynsamlegra en að fara út í byggingu mötuneytis. Hægt væri að greiða úr þeim vanda sem stafar af umferðinni með því að loka götunni tímabundið á meðan skólabörn væru í mat. Hún sagði samt sem áður að eftilvill væri komin tími til að endurskoða þetta þar sem kostnaðurinn væri orðinn mjög mikill fyrir sveitarfélagið.

Heilsueflandi skóli bar einnig á góma. Samkvæmt Þórgunni er búið að stofna teymi sem vinnur fyrsta árið við þarfagreiningu = undirbúningsár.

Einelti var einnig rætt:

- Skólaliðar í frímínútum – skólaliðum er skipt upp á þrjú svæði á skólalóðinni og fylgjast með börnunum. Ekki er hægt að sjá að þeir hópi sig saman og séu að spjalla á meðan þeir eru á vaktinni samkv. Þórgunni.
- Eins og staðan er í dag hefur heilmikil vinna farið fram í eineltismálum, þá sérstaklega síðustu mánuði þar sem umræðan um einelti hefur verið mikil. Það sem vantar að gera núna er að koma þessum upplýsingum út í samfélagið, þ.e.a.s. hvernig unnið er með eineltismál innan veggja skólans. Byrjað verður á því að kynna nýtt vinnuferli fyrir kennurum og síðan þarf að verða kynning á þessu fyrir foreldrum.
- Sú nýjung sem meðal annars er í eineltismálum er að öll mál berast til nemendaverndarráðs sem tekur á málunum eftir að kennari/kennarar hafa gert það sem þeir mögulega geta.
- Það er einnig nýjung að hafa bekkjarfundi inn í stundatöflu en það er einn liður í aðgerðum gegn einelti.
- Jákvæður agi var ræddur og í þeirri stefn er megin markmiðið að koma fram við aðra af virðingu og lagt er upp með að allir vinni saman í þeim efnum.

Rætt var um að kynna þyrfti nýju heimasíðuna og það mætti gera á einhverjum fundinum með foreldrum. Margt gagnlegt og fræðandi er að finna á henni ef einstaklingar kunna að nota hana.

Aðeins var rætt um fyrirlesturinn um fjölmiðla, netið og tölvuleiki. Mjög gagnlegur fyrirlestur sem mjög svo fáir mættu á.

Að lokum voru næstu skref rædd. En stefnt er að því að halda fund með foreldrafulltrúum fyrir áramót og síðan á nýju ári verður haldin fundur með foreldrum þar sem foreldrakönnunin verður kynnt, farið yfir mótuneytismál, heilsueflandi skóla, einelti og annað sem brennur á.

Fundi slitið klukkan 18:10